

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10 000.00, sem rennur í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 176 13. júní 1968 um holræsi í Patreks- hreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 8. desember 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

8. desember 1972.

Nr. 338.

REGLUGERÐ**fyrir Vatnsveitu Patreksahrepps.****1. gr.**

Hreppsnefnd Patreksahrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir, og getur fullnægt, svo og á Patrekshöfn.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varðar, svo og viðhald vatnsveitunnar og umsjón alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Hreppsnefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna í samráði við hreppsnefnd, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er hreppsnefnd setur þar um.

3. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtu og greiðslur. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

4. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húeigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við.

Vatnsveitan skal sjá um viðhald og endurbætur á stofnæðum hinna eldri vatnsveitna, sem tengdar hafa verið við vatnsæðar vatnsveitu hreppsins.

5. gr.

Hver sá, sem komast vill í samband við vatnsveitu Patreksahrepps, skal senda hreppsnefnd umsókn þar um. Umsóknin skal vera skrifleg og henni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun og til hvers vatn skuli notað.

6. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsæðum vatnsveitunnar, nema að fengnu leyfi hreppsnefndar og eftir fyrir mælum hennar, bæði um efni og tilhögun verksins. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra.

7. gr.

Skyllt er hverjum húseiganda, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

8. gr.

Hreppsnefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eiganda.

9. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við hlanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

10. gr.

Skyllt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, ef rök mæla með því, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, sé ekki önnur úrlausn fyrir hendi, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem metin eru til fasteignamats, og tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða vatnsskatt, 0.15% af fasteignamati húsa og lóða árlega, þó þannig, að lægsta gjald af íbúð skal vera kr. 1 200.00. Af gripahúsum, beitingaskúrum og slíkum húsum skal lægsta gjald vera kr. 1 200.00. Af húsum, sem tengd eru við vatnsveituna, skal greiða tengigjald kr. 5 000.00.

12. gr.

Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar svo sem hraðfrystihús, fiskverkunarstöðvar, verksmíðjur, þvottahús, iðnaðarfyrtæki, gistihús o. s. frv., skal greiða 0.50% af fasteignamati húsa og lóða, ef vatn er ekki selt eftir mæli skv. 13. gr.

13. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum eða einstaklingum, sem nota mikið vatn, og skal þá greiða kr. 3.50 fyrir hverja smálest.

14. gr.

Ef vatn er selt til skipa, skal söluverð vera kr. 23.00 fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 150.00 fyrir fiskiskip, en kr. 300.00 fyrir önnur skip. Þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að hafnarsjóður Patreksahrepps greiði vatnsveitunni eftir mæli eða ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir nánari ákvörðun

hreppsnefndar, enda hafi höfnin allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer við höfnina, að undanskildum framleiðslugjöldum sjávarafurða.

15. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

16. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50%, bæði einstaka liði og í heild, án staðfestingar ráðuneytisins.

17. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts er sá sami og fasteignaskatts og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðið ár.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

18. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi hreppsnefndar eða þess aðila, sem hreppsnefnd hefur falið slökkvistarf í kaптúninu.

19. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 10 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Sektarfé rennur í sveitarsjóð. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitukerfinu, skal hann bæta það mati tveggja óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefur samið og samþykkt. staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Patrekshrepps nr. 130 26. apríl 1966.

Félagsmálaráðuneytið, 8. desember 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um friðland í Svarfaðardal.

Samkvæmt heimild í 24. grein laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð hinn 8. september 1972 ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Svarfaðardalsá í Eyjafirði neðanverða, ásamt bökkum og óshólmum,